



ORKUSTOFNUN

Vatnamælingar

Þróun efnavöktunarkerfis til varnar mannvirkjum við umbrot í jökli

**Hrefna Kristmannsdóttir, Sigurður Reynir Gíslason, Árni
Snorrason, Sverrir Óskar Elefsen, Steinunn Hauksdóttir,
Árný Sveinbjörnsdóttir, Hreinn Haraldsson**

*Unnið fyrir Rannís, Vegagerðina, Vatnamælingar Orkustofnunar
og Viðlagatryggingar Íslands*

OS-2006/014



ORKUSTOFNUN

Vatnamælingar

Þróun efnavöktunarkerfis til varnar mannvirkjum við umbrot í jökli

Hrefna Kristmannsdóttir, Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Sverrir Óskar Elefsen, Steinunn Hauksdóttir, Árný Sveinbjörnsdóttir, Hreinn Haraldsson

Unnið fyrir Rannís, Vegagerðina, Vatnamælingar Orkustofnunar og Viðlagatryggingar Íslands

OS-2006/014

ISBN 9979-68-206-X

Orkustofnun – Vatnamælingar

Orkugarður • Grensásvegi 9 • 108 Reykjavík • Sími 569 6000 • Fax: 568 8896 • vm@os.is • www.vatn.is



Skýrsla nr.: OS-2006/014	Dags.: Desember 2006	Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Þróun efnavöktunarkerfis til varnar mannvirkjum við umbrot í jökli.	Upplag: 35	Fjöldi síðna: 54
Höfundar: Hrefna Kristmannsdóttir, Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Sverrir Óskar Elefsen, Steinunn Hauksdóttir, Árný Sveinbjörnsdóttir, Hreinn Haraldsson	Verkefnisstjóri: Hrefna Kristmannsdóttir Jórunn Harðardóttir	
Gerð skýrslu / Verkstig: Verklok	Verknúmer: 7-542921	
Unnið fyrir: Rannís, Vegagerðina, Vatnamælingar Orkustofnunar, Viðlagatryggingar Íslands		
Samvinnuaðilar: Íslenskar orkurannsóknir, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Vegagerðin		
Útdráttur: Á árunum 1997—2001 unnu Orkustofnun ásamt Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Vegagerðinni sameiginlega að verkefni með því markmiði að koma á sjálfvirku efnavöktunarkerfi vegna jökulhlaupa og flóða frá eldsumbrotum í Vatnajökli og Mýrdalsjökli. Fyrsti áfangi verkefnisins var að afla bakgrunnsgagna um árstíðarsveiflur í efnastyrk í þeim tíu ám sem verkefnið tók til. Valin voru vaktgildi fyrir leiðni við mismunandi rennsli í þeim ám sem rannsakaðar voru og bent á aðra mögulega vaktþætti. Í síðari áfanga verkefnisins voru settir upp nokkrir leiðnimælar í tilraunarekstri samhliða eldri vatnshæðarmælum. Jafnframt hófust tilraunir með hönnun og uppsetningu vöktunarkerfisins og þróun hugbúnaðar tengdum honum. Mikilvægur hluti verkefnisins fólst í gerð sjálfvirks gagnasöfnunar- og gagnaskoðunarkerfis ásamt vefsíðugerð, sem tryggir almennan aðgang að gögnunum.		
Lykilorð: Skjálfafljót, Kreppa, Jökulsá á Fjöllum, Skeiðará, Gígja, Súla, Djúpa, Ása-Eldvatn, Leirá, Múlakvísl, Skaftá, efnagreiningar, efnavöktun, vaktgildi, leiðni, skráningartæki, mælistöð	ISBN-númer: 9979-68-206-X	
	Undirskrift verkefnisstjóra:	
	Yfirfarið af: SAR, JHa	

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	9
ÁGRIP	9
1 INNGANGUR.....	11
2 FYRRI ÁFANGI VERKEFNIS – BAKGRUNNSMÆLINGAR.....	12
2.1 Fyrri rannsóknir.....	12
2.2 Verkþættir.....	13
2.2.1 Sýnataka	13
2.2.2 Efnagreiningar	15
2.2.3 Mælingar á kolefnissamsætum.....	43
2.2.4 Niðurstöður rafleiðnimælinga	44
2.3 Vaktgildi.....	45
2.3.1 Aðrir mögulegir vaktþættir.....	46
3 SÍÐARI HLUTI VERKEFNIS—UPPSETNING OG REKSTUR	
TILRAUNASTÖÐVA OG ÞRÓUN SKYNJARA.....	46
3.1 Verkþættir.....	46
3.2 Tilraunarekstur stöðva	46
3.3 Mikilvægustu hlutar vöktunarmæla.....	47
3.4 Frekari þróun vöktunarmælanna.....	48
3.5 Söfnun gasfasa	48
3.6 Dæmi um vaktaða atburði.....	49
4 NIÐURSTÖÐUR	50
Viðauki I.....	52

MYNDASKRÁ

Mynd 1: Afstöðumynd þeirra vatnsfalla sem tekin voru sýni úr í verkefninu.	14
Mynd 2: Leiðni vatns í Skjálfandafljóti með tíma.	17
Mynd 3: Samband leiðni og rennslis í Skjálfandafljóti.	17
Mynd 4: Styrkur klóríðs og súlfats í Skjálfandafljóti.....	17
Mynd 5: Leiðni vatns í Kreppu með tíma.	19
Mynd 6: Samband leiðni og rennslis í Kreppu.....	19
Mynd 7: Styrkur klóríðs og súlfats í Kreppu.....	20
Mynd 8: Leiðni vatns í Jökulsá á Fjöllum með tíma.	23
Mynd 9: Samband leiðni og rennslis í Jökulsá á Fjöllum.	23
Mynd 10: Styrkur klóríðs og súlfats í Jökulsá á Fjöllum.	23

Mynd 11: Leiðni vatns í Skeiðará með tíma.	29
Mynd 12: Samband leiðni og rennslis í Skeiðará.....	29
Mynd 13: Styrkur klóríðs og súlfats í Skeiðará.....	29
Mynd 14: Leiðni vatns í Gígju með tíma.	30
Mynd 15: Samband leiðni og rennslis í Gígju.....	30
Mynd 16: Styrkur klóríðs og súlfats í Gígju.....	30
Mynd 17: Leiðni vatns í Súlu með tíma.	38
Mynd 18: Samband leiðni og rennslis í Súlu.	38
Mynd 19: Styrkur klóríðs og súlfats í Súlu.	38
Mynd 20: Leiðni vatns í Djúpá með tíma.....	39
Mynd 21: Samband leiðni og rennslis í Djúpá.....	39
Mynd 22: Styrkur klóríðs og súlfats í Djúpá.....	39
Mynd 23: Leiðni vatns í Ása-Eldvatni með tíma.	40
Mynd 24: Samband leiðni og rennslis í Ása-Eldvatni.....	40
Mynd 25: Styrkur klóríðs og súlfats í Ása-Eldvatni.....	40
Mynd 26: Leiðni vatns í Leirá með tíma.	41
Mynd 27: Samband leiðni og rennslis í Leirá.	41
Mynd 28: Styrkur klóríðs og súlfats í Leirá.	41
Mynd 29: Leiðni vatns í Múlakvísl með tíma.	42
Mynd 30: Samband leiðni og rennslis í Múlakvísl.....	42
Mynd 31: Styrkur klóríðs og súlfats í Múlakvísl.	42
Mynd 32: Rafleiðni mæld í Jökulsá á Fjöllum, Grímsstöðum frá september 1996 til júní 1999.	44
Mynd 33: Rafleiðni mæld í Skeiðará september 1996 til desember 1998.	45
Mynd 34: Grunneiningar sjálfvirku stöðvanna.	47
Mynd 35: Mælingar á vatnshæð og leiðni við Skeiðará í aðdraganda hlaups eftir gosið í desember 1998 og meðan á hlaupinu stóð.	49
Mynd 36: Leiðnimælingar í Skaftá við Sveinstind sumarið 2000 þar sem fram koma hlaup úr báðum Skaftárkötluum með einungis viku millibili.....	50

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Efnastyrkur í Skeiðarárhlaupum 1954–1996 (mg/l).....	13
Tafla 2: Skipting efnagreininga og annarra mælinga milli rannsóknarstofa og aðferðir notaðar við þær.....	15
Tafla 3: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Skjálfandafljóti (mg/L).....	18
Tafla 4: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Kreppu (mg/L).....	21
Tafla 5: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Jökulsá á Fjöllum við Upptýppinga (mg/L). 24	
Tafla 6: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði (mg/L)... 25	
Tafla 7: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Skeiðará (mg/L).....	27
Tafla 8: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Gígjukvísl (mg/L).....	28
Tafla 9: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Súlu (mg/L).....	33
Tafla 10: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Djúpá (mg/L).....	34
Tafla 11: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Ása-Eldvatni (mg/L).....	35
Tafla 12: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Leirá (mg/L).....	36
Tafla 13: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Múlakvísl (mg/L).....	37
Tafla 14: Niðurstöður kolefnissamsætumælinga og vetnis og súrefnissamsætumhlutföll í sömu sýnum. Frh. á næstu bls.	43
Tafla 15: Spönn leiðnigilda í ánum.	45

ÁGRIP

Á árunum 1997—2001 unnu Orkustofnun ásamt Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Vegagerðinni sameiginlega að verkefni með því markmiði að koma á sjálfvirku efnavöktunarkerfi vegna jökulhlaupa og flóða frá eldsumbrotum í Vatnajökli og Mýrdalsjökli. Tæknisjóður Rannsóknarráðs og Viðlagatrygging styrktu verkefnið og einnig fékkst sérfráveiting frá ríkisstjórninni á síðari hluta verkefnisins til að koma upp nokkrum aukastöðvum. Efnavöktunarkerfið byggist á því að við eldgos eða aukna jarðhitavirkni undir jöklum verða gjarna efnabreytingar í jökulám áður en vart verður við verulega aukningu rennslis. Lítið var til af bakgrunnsgögnum um efnasamsetningu jökulána og tengsl hennar við rennslí við eðlilegar aðstæður. Fyrsti áfangi verkefnisins var því að afla slíkra bakgrunnsgagna um árstíðasveiflur í efnastyrk í þeim tíu ám sem verkefnið tók til. Styrkur efna og breytingar á honum reyndust mjög mismunandi í þessum ám og hafa fengist mjög góð gögn til að byggja á vöktun í framtíðinni. Valin voru vaktgildi fyrir leiðni við mismunandi rennslí í þeim ám sem rannsakaðar voru og bent á aðra mögulega vaktþætti.

Í síðari áfanga verkefnisins voru settir upp nokkrir leiðnimælar í tilraunarekstri samhliða eldri vatnshæðarmælum. Jafnframt hófust tilraunir með hönnun og uppsetningu vöktunarkerfisins og þróun hugbúnaðar tengdum honum. Til hafði staðið að setja fyrst upp stöðvar í Jökulsá á Fjöllum og Skaftá en vegna umbrotanna í Vatnajökli riðlaðist sú áætlun og í kjölfar goss í Grímsvötnum í desember 1998 var sett upp stöð í Skeiðará með sérstökum stuðningi frá Vegagerðinni. Sumarið 1999 voru svo reistar stöðvar í Skaftá við Sveinstind og í Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði. Þá hefur ríkisstjórnin kostað uppsetningu og rekstur nokkurra stöðva í vatnsföllum kringum Mýrdals- og Eyjafjallajökul vegna jarðhræringa þar.

Mikilvægur hluti verkefnisins fólst í gerð sjálfvirs gagnasöfnunar- og gagnaskoðunarkerfis ásamt vefsíðugerð, sem tryggir almennan aðgang að gögnunum. Með því móti er tryggt að nýjustu gögn liggja fyrir á hverjum tíma. Að jafnaði er hringt einu sinni á sólarhring í hverja stöð en einnig er hægt að gefa skipun um upphringingu yfir vefinn.

Jafnframt voru skoðaðir nemar til sjálfvirkra mælingar viðvörunargilda fyrir kvikasilfur og súlfíð og gerðar tilraunir með að safna gassýnum úr vatninu til sjálfvirkar mælingar. Enn sem komið er er ekki talið unnt að koma slíkum vöktunarmælingum upp og reka þær sjálfvirkt en viðvörunargildi eru nú þekkt og gæti verið möguleiki á að koma mælingunum á í framtíðinni.

Þessi skýrsla var nánast tilbúin til útgáfu á árinu 2001. Þá voru gögn um ^{14}C enn í vinnslu og var því ákveðið að bíða eftir þeim. Síðan dróst að ganga endanlega frá útgáfunni vegna anna og þess að verkefnisstjóri skipti um vinnustað. Það kemur sér illa vegna notkunar á gögnum að skýrslan sé ekki til í formlegri útgáfu og var því ákveðið að ráða bót á því.

1 INNGANGUR

Markmið verkefnisins var að koma á sjálfvirku vöktunarkerfi byggðu á efnabreytingum í jökulám sem viðvörun við jökulhlaupum og flóðum vegna eldsumbrota í Vatnajökli og Mýrdalsjökli. Þar sem stór hluti virkra eldstöðva eru undir jökli er mikil hættu á að eldsumbrotum í þeim fylgi flóð sem eytt geta byggðum og skemmt mannvirki. Áður en eldsumbrot hefjast verður gjarna vart aukinnar jarðhitavirkni og aukins gasústreymis vegna kvikuinnskota og efnabreytingar af þessum sökum endurspeglast í efnasamsetningu jökulvatns þaðan. Í Skeiðarárhlaupum hefur til dæmis lengi verið þekkt að breyting verður á efnainnihaldi áður en hlaup hefjast, oft nokkrum vikum áður. Þá seintar örlítið af jarðhitavatni út um hlaupþröskuldinn, en svo lítið að rennslisaukningar verður ekki vart.

Við umbrotin sem urðu í Vatnajökli 1996 kom í ljós að bakgrunnspökkingu vantaði fyrir efnasamsetningu jökuláa frá Vatnajökli. Fram kom fljótlega eftir að umbrotin hófust merki um breytingar á efnasamsetningu í Jökulsá á Fjöllum, en örugg túlkun á orsökum þeirra krafðist mælinga á mörgum þáttum og söfnun gagna um efnasamsetningu eftir á. Hefðu verið til betri bakgrunnsgögn hefði sést strax að allt að 30 % árvatnsins var leki frá eldstöðvunum (Kristmannsdóttir o.fl., 1999). Miklar árstíðabundnar sveiflur eru í efnastyrk jökuláa. Þessar sveiflur eru þó mjög misjafnar milli svæða og fer það eftir rennslisleið, aurburðarmagni ásamt fleiru hvaða áhrif koma skýrast fram á hverjum stað. Með vitneskju um efnastyrk við mismunandi rennsli má því greina með meiri nákvæmni þær breytingar sem verða vegna áhrifa eldvirkni eða aukinnar jarðhitavirkni.

Fyrri hluti þessa verkefnis var að afla bakgrunnsgagna um efnasamsetningu og árstíðabundnar breytingar jökuláa þar sem áhrif vegna eldvirkni eru líkleg til að koma fram í. Af þessum niðurstöðum mætti svo ráða hvaða þættir yrðu heppilegastir til að nota til efnavöktunar og einnig viðvörunargildi fyrir styrk þeirra miðað við rennsli. Heppileg staðsetning vöktunarstöðvanna er líka ákveðin með hliðsjón af þessum gögnum svo vart verði marktækra breytinga sem allra fyrst. Valdar voru tíu ár með hliðsjón af afrennslissvæði og því að ekki var unnt að safna gögnum frá öllum ám vegna kostnaðarsjónarmiða.

Síðari áfangi verkefnisins fólst í því að setja upp leiðnimæla í tilraunarekstri samhliða eldri vatnshæðarmælum, hanna og setja upp vöktunarkerfin og þróa hugbúnað tengd þeim. Jafnframt að skoða nema til sjálfvirkra mælingar viðvörunargilda fyrir kvikasilfur og súlfíð og gera tilraunir með að safna gassýnum úr vatninu til sjálfvirkra mælingar.

2 FYRRI ÁFANGI VERKEFNIS—BAKGRUNNSMÆLINGAR

Tekin voru saman öll eldri gögn sem til voru um efnasamsetningu vatns í jökulám sem falla úr Vatnajökli og Mýrdalsjökli. Síðan voru valdar ár og staður til sýnatöku og þættir til efnagreiningar. Sýnataka var skipulögð og búnaður keyptur til hennar og síðan var safnað sýnum um rúmlega eins árs skeið eins og lýst er í kaflanum hér á eftir. Nauðsynleg úrvinnsla til uppbyggingar vöktunarkerfisins fór síðan fram og jafnframt hafa verið skrifaðar fjölmargar greinar og skýrslur um verkefnið (Viðauki I), fluttir um það kynningarerindi og sýnd um það veggspjöld á ráðstefnum og fundum.

2.1 Fyrri rannsóknir

Í gagnagrunni Jarðefnafræðideildar Orkustofnunar voru til eftirfarandi gögn um efnainnihald úr þeim tíu ám sem valdar voru til sýnatöku:

Jökulsá á Fjöllum: 1 sýni 1983 frá Grímsstöðum, 1 sýni 1984 og 6 sýni 1996 og 1997 frá Upptyppingum, 1 sýni 1987 og 1 sýni 1996 frá Öxarfirði. Auk þess hefur verið fylgst með leiðni í Jökulsá við Grímsstaði síðan í nóvember 1996.

Skeiðará: 2 sýni úr hlaupi 1976, 4 sýni úr hlaupi 1986, 20 (+2 ódagsett) sýni frá 1990–1991 ‘vöktunarverkefni’, 82 sýni 1996–1997 vegna Gjálpargoss og Skeiðarárhlaups, 2 sýni 1998 og 3 sýni 1999. Auk þess er til töluvert af leiðnimælingum úr Skeiðará.

Skjálfandafljót: 2 sýni 1996.

Kreppa: 1 sýni 1997

Gígja: 7 sýni 1983–1984, 1 sýni 1991, 16 sýni 1996–1997 og 1 sýni 1999.

Súla: 8 sýni 1983, 1 sýni 1985 og 3 sýni 1996–1997.

Djúpá: 4 sýni 1983, 3 sýni 1984, 5 sýni 1985, 14 sýni 1990–1991.

Ása-Eldvatn: 12 sýni 1994, 11 sýni 1995.

Skeiðarárhlaup

Til eru upplýsingar um efnasamsetningu hlaupvatns úr Skeiðará (tafla 1) frá 1954 (Sigurjón Rist, 1955) og úr flestum hlaupum eftir það en gögnin eru mjög mismunandi að magni og gæðum (Orkustofnun, óbirt gögn, Guðmundur Sigvaldason, 1965, Steinþórsson and Óskarsson, 1983, Björnsson and Kristmannsdóttir, 1984, Kristmannsdóttir and Björnsson, 1984, Bjarni Kristinsson o.fl., 1986, Svanur Pálsson o.fl., 1992). Í eldri hlaupunum hefur oft verið tekið aðeins eitt sýni og ekki víst að það sé tekið í hámarki hlaupsins, né heldur að hámark rennslis og efnastyrks fari saman. Fjöldi efna sem greind voru eru einnig mjög mismunandi eftir sýnum og oft vantar gildi fyrir pH og rokgjörn efni. Lítið hefur einnig verið greint af málum í flestum þeirra.

Fram til ársins 1982 hafði nánast aldrei verið tekið sýni úr Skeiðará né öðrum ám á sandinum utan hlaupa en hins vegar hafði verið fylgst nokkuð reglulega með heildarstyrk uppleystra efna í aurburðarsýnum frá um 1972 (Svanur Pálsson og Guðmundur Vigfússon, 1996). Á árunum 1982–1983 voru tekin reglulega sýni til efnagreininga úr Skeiðará, Gígju, Súlu, Djúpá, Hverfisfljóti og Skaftá. Þetta ‘efnaeftirlit’ var einungis reglulegt í Skeiðará en í hinum ánum náði eftirlitið einungis yfir apríl–desember 1983. Á árunum 1984 og fram yfir Skeiðarárhlaupið 1986 voru tekin sýni til efnagreininga nokkrum sinnum á ári úr Skeiðará og af og til úr öðrum ám á sandinum. Á árunum 1990–1991 voru svo aftur tekin mörg sýni til efnagreininga úr Skeiðará, úr Djúpá til samanburðar og fáein úr Hverfisfljóti og Gígju. Þá voru einnig hafnar vikulegar leiðnimælingar í Skeiðará sem stóðu í um hálf tannað ár og samhliða var leiðni mæld hluta tímabilsins í Skaftafellssá til viðmiðunar. Viðamikil sýnataka og leiðnimælingar fóru fram vegna gossins í Gjálp 30. september 1996 og hlaupsins sem því fylgdi í Skeiðará (Árni Snorrason o.fl. 1997, Sigurður R. Gíslason o.fl., 1997).

Tafla 1: Efnastyrkur í Skeiðarárhlaupum 1954–1996 (mg/l).


Tímasetning	1954	1965	1972	1976	1982	1983	1986	1991	1996a
pH / °C		7,0/	7,5/		6,02/22	6,45/21	6,26/24	6,20/24	6,15/18
Brennist. vetni (H ₂ S)	0,0				0,3	0,0	<0,03	<0,03	0,04
Heildarkarb. (CO ₂)		680	480		595	343	384	559	535
Uppleyst efni (TDS)	388	416			369	359	336	386	404
Kísill (SiO ₂)	57	56	44	50,5	60,0	56,5	62,4	67,0	65,4
Natríum (Na)		63,5	89,0	43,0	53,1	50,3	52,7	57,1	59,5
Kalíum (K)		19,0	3,0	3,8	4,2	4,8	4,4	3,9	4,2
Kalsíum (Ca)	60,9	59,5	28,0	45,6	50,4	38,9	43,2	51,0	60,8
Magnesíum (Mg)	15,6	10,4	10,0	9,9	10,8	11,8	10,7	12,6	14,4
Súlfat (SO ₄)	18,1	38,7	13,0	23,5	19,2	48,8	38,4	22,0	18,0
Klóríð (Cl)	8,7	42,7	11,0	13,5	13,2	7,6	13,7	14,8	12,0
Flúoríð (F)	0,3	0,5			0,17	0,31	0,26	0,16	0,18
Járn (Fe)	9,5					4,4	2,3	2,3	2,9

2.2 Verkpættir

2.2.1 Sýnataka

Fyrsta sýnatökufærðin var farin júní–júlí 1997 þar sem þátt tóku sérfræðingar í jarðefnafræði frá Rannsóknasviði Orkustofnunar og Raunvísindastofnun auk Vatnamælingamanna Orkustofnunar. Þeir síðastnefndu sáu eftirleiðis um sýnatökuna en þessi fyrsta færð var farin til að samræma vinnubrögð við hana.

Sýni voru tekin mánaðarlega í heilt ár til efnagreininga úr eftirtöldum ám (mynd 1) sem renna úr Vatnajökli: Skjálfafljóti við Aldeyjarfoss, Kreppu við brú, Jökulsá á Fjöllum bæði við Grímsstaði og Upptýppinga, Skeiðará við brú, Gígju af austurbakka við brú, Súlu við brú, Djúpá við brú, og Ása-Eldvatni af vesturbakka norðan við brú. Einnig voru tekin sýni úr tveimur ám sem eiga upptök í Mýrdalsjökli: úr Múlakvísl norðan brúar á vesturbakka og úr Leirá um 3 km norðan brúar. Rennsli var mælt og sýni til aurburðarmælinga tekin samhliða, hvort tveggja framkvæmt af starfsmönnum Vatnamælinga Orkustofnunar.



Mynd 1: Afstöðumynd þeirra vatnsfalla sem tekin voru sýni úr í verkefninu.

Sýnataka var misjafnlega viðamikil eftir því hvort um var að ræða heilsýnatöku eða svokallaða stórsýnatöku.

Í heilsýnatöku eru innifalin eftirtalin sýni:

- 1 síað sýni í glerúpu til mælinga á pH og basavirkni
- 1 síað sýni í 500 ml plastflösku til mælinga á anjónum
- 1 síað og sýrt sýni í 500 ml plastflösku (2 ml conc. HNO_3) til mælinga á málmum
- 1 síað sýni í 60 ml glerflösku til mælinga á ísótópum (súrefni og vetni)
- 4 síuð sýni í 60 ml plastflöskur fyrir næringarsölt.

Í stórsýnatöku voru auk þess tekin:

- síað sýni í glerflösku til kvikasilfursmælinga, meðhöndlað með saltpéturssýru og 5 ml af KNO_4 lausn
- 1 síað og sýrt sýni í 200 ml plastflösku (1 ml conc. HNO_3) til mælinga á þungmálmum
- 2 síuð sýni í 1 L brúna glerflösku fyrir ^{14}C mælingar
- 2 síuð sýni í 100 ml plastflösku með 5 ml af 5 M NaOH-lausn til mælinga á H_2S .

Öll sýni voru síuð með 142 mm teflonhúðuðum síuhaldara og notuð 0,45 µm síublöð og 0,2 µm síublöð fyrir þungmálma og næringarsölt. Þar sem því var komið við var dælt beint úr ánni annars var sýni tekið í plastfötu og sýni dælt úr henni.

2.2.2 Efnagreiningar

Greiningar á öllum aðalefnum og sporefnum fóru fram á Efnafræðistofum Rannsóknasviðs Orkustofnunar og Raunvísindastofnunar Háskólans, Jarðfræðistofu. Í töflu 2 er listi yfir hvaða efni voru efnagreind, á hvaða rannsóknarstofu og með hvaða aðferð. Greiningar á súrefnis- og vetnisísótópum framkvæmdar á Raunvísindastofnun og sýni til greininga á kolefnisísótópum til aldursgreininga með ¹⁴C voru send erlendis.

Tafla 2: Skipting efnagreininga og annarra mælinga milli rannsóknarstofa og aðferðir notaðar við þær.

Efni/ þáttur	Framkvæmdaraðili	Aðferð/tæki
Rennsli (m ³ /s)	VM	Rennslismælir
Leiðni (µS/sm)	ROS	Leiðnimælir
Hiti (°C)	VM	Kvikasilfurshitamælir
pH/pH hiti (°C)	ROS	Títurator
Kolsýra (CO ₂)	ROS	Títurator
Brennist.vet.(H ₂ S)	ROS	Títurað með kvikasilfursacetati
Bór (B)	ROS	Litrósmælir
Kísill (SiO ₂)	ROS/RH *	Litrósmælir /ICP
Uppleyst efni	ROS	Aðgreining-þyngdarmæling
δ ² H (‰ SMOW)	RH	Massagreininir
δO ¹⁸ (‰ SMOW)	RH	Massagreininir
Natríum (Na)	ROS/RH*	Atómisogstæki /ICP
Kalíum (K)	ROS	Atómisogstæki
Magnésíum (Mg)	ROS/RH*	Atómisogstæki /ICP
Kalsíum (Ca)	ROS/RH*	Atómisogstæki /ICP
Strontíum (Sr)	RH	ICP
Flúor (F)	ROS	Selektróða
Klóríð (Cl)	ROS	Jónaskilja
Brómíð (Br)	ROS	Jónaskilja
Nítrít (NO ₂)	RH	Litrósmælir
Nítrat (NO ₃)	RH	Litrósmælir
Ammoníum (NH ₄)	RH	Litrósmælir
Fosfat (PO ₄)	RH	Litrósmælir
Súlfat (SO ₄)	ROS	Jónaskilja
Ál (Al)	ROS	Atómisogstæki
Króm (Cr)	ROS	Atómisogstæki
Mangan (Mn)	ROS	Atómisogstæki
Járn (Fe)	ROS	Atómisogstæki
Kopar (Cu)	ROS	Atómisogstæki
Sink (Zn)	ROS	Atómisogstæki
Arsen (As)	ROS	Atómisogstæki
Kadmíum (Cd)	ROS	Atómisogstæki
Kvikasilfur (Hg)	ROS	Atómisogstæki
Blý (Pb)	ROS	Atómisogstæki

RH – Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Jarðfræðastofa. ROS – Rannsóknasvið Orkustofnunar, Efnafræðistofa. VM – Vatnamælingar Orkustofnunar.

ROS/RH* - Greiningar voru gerðar á ROS fram til sep. 1997 þegar RH tók við þeim.

Niðurstöður efnagreininga af árvatninu eru sýndar í töflum 3–13, ásamt niðurstöðum mælinga á stöðugum samsætum vetnis og súrefnis og ^{14}C sýndaraldri. Í töflu 14 eru svo sýndar greiningar á ^{13}C og styrk ^{14}C ásamt greiningum á vetnis- og súrefnissamsætum í þeim sýnum sem greindar voru í kolefnissamsætur. Talsvert miklar sveiflur koma fram milli sýna á hverjum stað frá mismunandi tímum en við því hafði verið búist. Einnig er verulegur munur á efnastyrk og hvernig hann sveiflast með árstíma milli áa. Á því tímabili sem sýnataka fór fram varð vart leka úr Grímsvötnum í Skeiðará og efnasamsetning árvatsins þar því ekki dæmigerð. Sé hins vegar litið á gögn frá Jökulsá á Fjöllum er efnainnihald verulega lægra en mældist við eldsumbrotin í Vatnajökli 1996. Í engum tilvikum mældist brennisteinsvetni í árvatninu við eðlilegar aðstæður, þ. e. utan hlaupa. Kvikasilfur mældist alls ekki nema í einu tilviki þar sem staðfest var að sýni höfðu mengast. Arsen mælist í flestum tilvikum við eða undir næmnimörkum, 0,0001 mg/l. Kadmíum er oftast undir næmnimörkum við 0,00005 mg/l, eða rétt við þau. Þungmálmar sýna yfirleitt mjög lágan styrk en þó koma fram talsverðar sveiflur í styrk þeirra og einkum getur styrkur járn og áls hækkað um stærðargráðu milli sýna vegna augljósra breytinga í ytri aðstæðum. Styrkur næringarsalta er almennt lágur og lækkar yfir sumartímann.


Um flestar árnar sem fylgst var með gildir að ekki eru til gögn til samanburðar en hér að neðan verður gert grein fyrir helstu einkennum í efnasamsetningu árvats hvernar ár fyrir sig.

Skjálfandafljót


Tafla 3 sýnir niðurstöður 12 efnagreininga frá Skjálfandafljóti og stöðugar samsætur vetnis og súrefnis auk ^{14}C sýndaraldurs. Í töflu 14 eru síðan nákvæmari niðurstöður fyrir ^{14}C og einnig mælingar á ^{13}C . Á mynd 2 má sjá leiðni í árvatninu með tíma en hún mælist á bilinu 40–90 $\mu\text{S}/\text{cm}$ og mynd 3 sýnir að gott samband er milli rennslis og leiðni. Þetta samband er því sem næst línulegt þar sem aukið rennsli vegna leysinga á vorin skilar sér í lægri leiðni árvatsins.

Nokkuð góð samkvæmni er milli styrks klóríðs og sulfatstyrks (mynd 4) þar sem sýnin eru greinilega með hærri styrk SO_4 og Cl yfir vetrartímann. Styrkur næringarsaltanna NH_4 , NO_2 , NO_3 , PO_4 er mun hærri yfir veturinn, sem er í samræmi við það að lífríkið nýtir þau yfir sumartímann og er styrkur þeirra þá minni.


Hlutfall stöðugra samsætna súrefnis og vetnis er tiltölulega stöðugt yfir árið, þar sem $<1\%$ munur er í mældum $\delta^{18}\text{O}$ gildum. Lægstu gildin (-97% til -98% í $\delta^2\text{H}$) mælast í árvatninu í desember og janúar. Í 5 sýnum voru kolefnissamsætur greindar og samkvæmt þeim er árvatnið tiltölulega ungt (80 til 104 pMC, þar sem pMC stendur fyrir % modern carbon). September sýnið reynist yngst (modern) og þyngst í stöðugum samsætum súrefnis og vetnis, en mars sýnið elst og léttast í súrefni og vetni. $\delta^{13}\text{C}$ liggur á bilinu $-0,08\%$ til $-4,42\%$ og er þyngst í yngsta sýninu.



Mynd 2: Leiðni vatns í Skjálfandafljóti með tíma.



Mynd 3: Samband leiðni og rennslis í Skjálfandafljóti.



Mynd 4: Styrkur klóríðs og súlfats í Skjálfandafljóti.


Tafla 3: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Skjálfandafhljóti (mg/L).

Dags Númer	26.06.1997 19970500	20.07.1997 19970511	24.08.1997 19970531	27.09.1997 19970546	08.11.1997 19970554	09.12.1997 19970563	28.01.1998 19980109	06.03.1998 19980118	02.04.1998 19980120	14.05.1998 19980133	10.06.1998 19980135	18.07.1998 19980146
Rennsli (m ³ /s)	60	85	45	46,2	45,4	25,6	27,8	23,6	30,4	101	60	50
Leiðni (µS/sm)	64,9	59,0	74,5	71,5	82,2	89,2	-	84,5	-	41,7	68,0	74,1
Hiti (°C)	12,3	9,7	5,9	3,5	0	0	0	0	0,6	7,6	9,9	5,2
pH/pH hiti (°C)	7,42/24	7,63/22	7,69/21	7,48/19	7,72/22	7,73/20	7,67/22	7,79/22	7,73/25	7,53/23	7,62/24	7,73/23
Kolsýra (CO ₂)	21,8	21,4	26,1	26,7	28,8	30,9	19,2	31,1	17,3	14,7	23,1	26,0
Brennist.vet.(H ₂ S)	<0,03	-	-	<0,03	-	-	-	<0,03	-	-	<0,03	<0,03
Bór (B)	0,03	<0,03	<0,03	<0,03	0,03	0,08	0,03	<0,03	<0,03	<0,03	0,03	0,08
Kísill (SiO ₂)	13,20	10,46	13,50	14,20	15,60	16,90	15,60	16,00	14,50	8,00	13,40	14,40
Uppleyst efni	29	55	59	46	44	0	41	53	50	22	44	41
δ ² H (‰ SMOW)	-94,7	-92,7	-94,0	-92,7	-94,2	-98,7	-97,4	-96,6	-95,9	-	-88,6	-93,5
δO ¹⁸ (‰ SMOW)	-13,19	-13,07	-13,09	-12,68	-13,05	-13,30	-13,25	-13,23	-13,28	-12,35	-12,81	-12,86
¹⁴ C age BP	310±44	-	-	-321±50	-	-	-	1803±50	-	-	353±46	485±50
Natríum (Na)	6,99	5,54	7,77	7,27	8,40	9,60	9,40	9,80	9,10	4,30	7,00	7,50
Kalíum (K)	0,40	0,29	0,30	0,32	0,37	0,41	0,40	0,47	0,45	0,31	0,40	0,40
Magnesium (Mg)	1,27	1,28	1,27	1,47	1,85	2,02	1,86	1,95	1,81	0,96	1,43	1,57
Kalsíum (Ca)	3,51	4,35	5,35	5,44	5,01	5,24	4,91	5,08	4,56	2,45	3,51	4,08
Strontíum (Sr)	0,030	0,020	0,002	0,003	0,003	0,003	0,003	0,004	0,004	0,002	0,003	0,003
Flúor (F)	0,08	0,06	0,09	0,09	0,10	0,12	0,11	0,12	0,10	0,06	0,09	0,10
Klóríð (Cl)	1,79	1,21	1,63	1,65	1,97	2,10	2,05	2,35	3,27	1,75	1,81	1,64
Brómíð (Br)	0,008	0,004	0,006	0,004	0,006	0,007	0,007	0,007	0,011	0,005	0,006	0,003
Nítrít (NO ₂)	0,0020	0,0020	<0,002	0,003	0,007	0,005	0,005	-	0,003	0,002	0,005	0,002
Nítrat (NO ₃)	<0,009	<0,009	0,018	0,068	0,024	0,135	0,152	-	0,047	0,024	0,024	0,113
Ammoníum (NH ₄)	0,009	0,007	0,009	0,006	0,016	0,012	0,019	-	<0,004	<0,004	0,005	0,008
Fosfat (PO ₄)	0,103	0,010	<0,001	0,066	0,073	0,113	0,154	-	0,090	0,038	0,072	0,065
Súlfat (SO ₄)	2,89	2,51	3,40	4,00	4,30	4,76	4,60	4,48	4,15	1,72	3,08	3,38
Ál (Al)	0,030	0,038	0,098	0,219	0,032	0,024	0,027	0,019	0,019	0,047	0,024	0,063
Krómm (Cr)	0,0002	<0,0001	-	0,0004	-	-	-	0,0005	-	-	0,0005	-
Mangan (Mn)	0,0009	0,0013	0,0021	0,0051	0,0027	0,0020	0,0006	0,0004	0,0008	0,0021	0,0007	0,0013
Járn (Fe)	0,0236	0,022	0,035	0,131	0,134	0,042	0,0127	0,028	0,039	0,086	0,0306	0,0444
Kopar (Cu)	0,0008	0,0016	-	0,0003	-	-	-	0,0047	-	-	0,0019	-
Sink (Zn)	0,0008	0,0011	-	0,0046	-	-	-	0,0020	-	-	0,0017	-
Arsen (As)	<0,0001	<0,0001	-	<0,0001	-	-	-	0,0001	-	-	<0,0001	-
Kadmíum (Cd)	<0,00005	<0,00005	-	<0,00005	-	-	-	<0,00005	-	-	<0,00005	-
Kvikasilfur (Hg)	<0,000005	-	-	<0,000005	-	-	-	0,000048	-	-	0,00007	-
Blý (Pb)	<0,0002	<0,0002	<0,0002	0,0002	-	-	-	0,0004	-	-	0,0002	-


Kreppa

Sex sýni úr Kreppu voru efnagreind og eru niðurstöður þeirra greininga í töflu 4. Í töflu 14 eru síðan nákvæmari niðurstöður fyrir ^{14}C og einnig mælingar á ^{13}C . Ekki tókst að komast að sýnatöku yfir vetrartímamann. Leiðni vatnsins sveiflast á milli 41 og 86 $\mu\text{S}/\text{cm}$ yfir sumarið (mynd 5) og samband hennar við rennsli virðist eðlilegt miðað við að um leysingu sé að ræða (mynd 6). Sveiflur eru töluverðar í styrk katjóna eins og hægt er að sjá fyrir flestar árnar og sambandið milli klóríðs og sulfats (mynd 7) er mjög óljóst vegna þess hve styrkur þessarra efna er lágur. Þegar litið er til málma og sporefna er ljóst að sýni tekið í júní 1996 hefur mengast, líklega vegna mikils sandfoks á meðan á sýnatöku stóð.


Hlutfall stöðugra samsætna súrefnis og vetnis sýnir að árvatnið er almennt mjög létt eða í kringum -100‰ í $\delta^2\text{H}$. Breytileikinn milli sýna er $<1\text{‰}$ í mældum $\delta^{18}\text{O}$ gildum. Í þremur sýnum voru kolefnissamsætur einnig mældar. Gefa tvö sýnanna mjög svipaðar niðurstöður (u.þ.b. 60 pMC), en eitt sýnanna reynist mun yngra (114 pMC). $\delta^{13}\text{C}$ liggur á bilinu $-0,51\text{‰}$ til $-4,58\text{‰}$ og er þyngst í yngsta sýninu.



Mynd 5: Leiðni vatns í Kreppu með tíma.



Mynd 6: Samband leiðni og rennslis í Kreppu.



Mynd 7: *Styrkur klóríðs og súlfats í Kreppu*

Tafla 4: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Kreppu (mg/L).

Dags	27.06.1997	20.07.1997	25.08.1997	27.09.1997	10.06.1998	18.07.1998
Númer	19970501*	19970513	19970533	19970544	19980138	19980149
Rennsli (m ³ /s)	51	185	120	57,8	21,3	90,1
Leiðni (µS/sm)	43,8	41,0	46,4	49,3	86,0	56,9
Hiti (°C)	8,9	6,0	4,7	0,3	6,3	9,9
pH/pH hiti (°C)	7,39/25	7,69/23	7,71/22	7,62/17	7,57/25	7,61/24
Kolsýra (CO ₂)	18,6	15,0	16,9	19,0	32,7	20,8
Brennist.vet. (H ₂ S)	<0,03	-	-	<0,03	<0,03	<0,03
Bór (B)	0,03	<0,03	<0,03	<0,03	0,03	0,03
Kísill (SiO ₂)	11,40	5,97	5,29	7,80	11,80	7,50
Uppleyst efni	17	28	33	3	53	19
δ²H (‰ SMOW)	-97,2	-100,6	-102,5	-98,6	-100,1	-101,0
δO¹⁸ (‰ SMOW)	-13,58	-14,02	-14,39	-13,62	-13,61	-13,83
¹⁴C age BP	-	-	-	-1077±49	3955±60	4195±65
Natríum (Na)	6,93	4,73	5,22	5,89	10,70	6,70
Kalíum (K)	0,59	0,37	0,35	0,36	0,64	0,46
Magnesium (Mg)	2,72	0,92	0,82	0,96	1,73	0,97
Kalsíum (Ca)	5,90	2,68	2,89	3,00	3,58	2,71
Strontíum (Sr)	0,032	0,002	0,002	0,002	0,003	0,002
Flúor (F)	0,06	0,05	0,06	0,07	0,11	0,07
Klóríð (Cl)	1,10	0,95	1,02	0,97	1,61	1,22
Brómíð (Br)	0,003	0,004	0,004	0,004	0,005	0,004
Nítrít (NO ₂)	0,004	0,004	<0,002	0,002	0,004	0,003
Nítrat (NO ₃)	0,012	0,015	<0,009	0,065	0,033	0,125
Ammoníum (NH ₄)	0,009	0,013	0,002	0,014	<0,004	<0,004
Fosfat (PO ₄)	0,029	0,051	0,047	0,096	0,138	0,112
Súlfat (SO ₄)	1,74	1,53	1,72	2,02	2,94	2,30
Ál (Al)	11,74	0,381	0,111	0,229	0,105	0,061
Krómi (Cr)	0,0046	0,0003	-	0,0002	0,0005	-
Mangan (Mn)	0,100	0,0073	0,0029	0,0058	0,0018	0,0042
Járn (Fe)	5,42	0,424	0,020	0,069	0,075	0,207
Kopar (Cu)	0,025	0,0026	-	0,0005	0,0007	-
Sink (Zn)	0,0115	0,0050	-	0,0038	0,0020	-
Arsen (As)	0,0001	<0,0001	-	<0,0001	<0,0001	-
Kadmíum (Cd)	<0,00005	<0,00005	-	<0,00005	0,00005	-
Kvikasilfur (Hg)	<0,000005	<0,000005	-	<0,000005	<0,000005	-
Blý (Pb)	<0,0002	<0,0002	<0,0002	<0,0002	<0,0002	-

* Gallað sýni

- ekki mælt


Jökulsá á Fjöllum

Sýni voru tekin á tveimur stöðum í Jökulsá á Fjöllum, annars vegar við Upptyppinga, áður en Kreppa rennur í hana og hins vegar við Grímsstaði. Öll áhrif eldvirkni í árvatninu ættu því að koma mun skýrar fram í sýnum við Upptyppinga en vegna snjóa er ekki hægt að komast þar að nema yfir sumartímamann.


Við Upptyppinga voru tekin 6 sýni og eru niðurstöður efnagreininga að finna í töflu 5. Í töflu 14 eru síðan nákvæmari niðurstöður fyrir ^{14}C og einnig mælingar á ^{13}C . Fjögur sýni voru tekin í júní til september 1997 og tvö í júní og júlí 1998. Við Grímsstaði voru hins vegar tekin 11 sýni og eru niðurstöður efnagreininga á þeim í töflu 6. Mynd 8 sýnir samband leiðni og tíma fyrir þessa tvo staði og er leiðnin alltaf hærri eða jafnhá við Upptyppinga en hún er neðar í ánni, sem er í samræmi við það að öll merki um jarðhita eða eldvirkni eru orðin mun minni þegar dregur nær Grímsstöðum (Kristmannsdóttir et al. 1999). Þetta kemur einnig fram þegar samband rennslis og leiðni er skoðað á mynd 9. Sambandið er nokkuð eðlilegt þar sem leiðnin sveiflast milli 58 og 150 $\mu\text{S}/\text{cm}$ fyrir sýni frá Grímsstöðum en er nokkuð hærri fyrir Upptyppinga (91 til 177 $\mu\text{S}/\text{cm}$). Tvö sýni, eitt frá hvorum sýnatökustað, skera sig úr þar sem leiðni þeirra mælist hærri en rennslí segir til um en þau sýni voru tekin sama daginn, 25. ágúst 1997. Líklega hefur komið hlaup í Jökulsá á þessum tíma, en þessi sýni skera sig ekki úr þegar skoðað er samband klóríðs og súlfats (mynd 10). Sýnin frá báðum sýnatökustöðum falla nokkurn vegin á línu sem hefur hallann 0,27, í átt að hærri styrk súlfats en klóríðs. Tvö sýni frá Grímsstöðum skera sig hins vegar úr og eru hærri í klóríðstyrk. Þessi sýni eru tekin í júní 1997 og 1998 og stafar líklega af áhrifum leysingarvatns sem hefur hærri styrk klóríðs en súlfats.

Athygli vekur að styrkur næringarsalta í árvatninu og þá helst nítrats og fosfats er mun meiri yfir sumarið 1998 en mældist í júní og júlí 1997.


Hlutfall stöðugra samsætna súrefnis og vetnis er mjög lágt við Upptyppinga og eru lægstu gildin (-105,4‰ fyrir ^2H) eins og léttustu gildi rigningar á hálendi Íslands. Breytileikinn milli sýna er um 1‰ í mældum $\delta^{18}\text{O}$ gildum. Gildin frá sýnatökustað við Grímsstaði eru nokkuð hærri og breytilegri, enda er þar mun meira af lindarvatni og árstíðabundnu bræðsluvatni. Munur í $\delta^{18}\text{O}$ gildum á milli sýnatökustaðanna liggur á bilinu 0.5‰ til 1.7‰. Þessi munur kemur einnig skýrt fram í niðurstöðum kolefnissamsætumælinga, en þrjú sýni voru mæld frá hvorum stað. Sýnin sem tekin voru við Upptyppinga liggja á bilinu 15 til 28 pMC, en sýnin við Grímsstaði innihalda töluvert meira af ^{14}C og liggja á bilinu 52 til 84 pMC.



Mynd 8: Leitni vatns í Jökulsá á Fjöllum með tíma.



Mynd 9: Samband leiðni og rennslis í Jökulsá á Fjöllum.



Mynd 10: Styrkur klóríðs og sulfats í Jökulsá á Fjöllum.

Tafla 5: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Jökulsá á Fjöllum við Upptyppinga (mg/L).

Dags Númer	27.06.1997 19970502	20.07.1997 19970514	25.08.1997 19970534	27.09.1997 19970543	10.06.1998 19980137	18.07.1998 19980148
Rennsli (m ³ /s)	90	220	321	153	79	110
Leiðni (µS/sm)	91,3	80,0	177,0	142,0	127,0	120,6
Hiti (°C)	12,0	5,8	5,4	0,4	7,4	7,8
pH/pH hiti (°C)	7,92/22	7,84/22	8,01/23	8,12/16	8,09/25	8,00/24
Kolsýra (CO ₂)	35,4	27,5	71,2	55,7	43,4	41,0
Brennist.vet. (H ₂ S)	<0,03	-	-	<0,03	<0,03	<0,03
Bór (B)	0,04	0,06	<0,03	0,04	0,03	0,06
Kísill (SiO ₂)	16,70	8,92	13,20	13,60	17,70	13,40
Uppleyst efni	44	36	107	96	72	14
δ²H (‰ SMOW)	-100,6	-101,0	-105,2	-105,4	-103,2	-103,1
δO¹⁸ (‰ SMOW)	-13,99	-14,20	-14,89	-14,50	-14,05	-14,22
¹⁴C age BP	-	-	15270±130	-	10190±130	10890±130
Natríum (Na)	10,50	6,31	13,20	12,70	12,80	10,25
Kalíum (K)	0,49	0,40	0,62	0,52	0,60	0,54
Magnesíum (Mg)	2,54	1,85	5,96	4,50	3,07	2,90
Kalsíum (Ca)	6,49	6,65	13,60	10,30	7,01	7,97
Strontíum (Sr)	0,050	0,005	0,013	0,009	0,006	0,007
Flúor (F)	0,12	0,09	0,11	0,14	0,19	0,13
Klóríð (Cl)	2,16	1,48	2,61	2,49	2,39	2,33
Brómíð (Br)	0,009	0,006	0,010	0,009	0,007	0,008
Nítrít (NO ₂)	0,003	0,005	<0,002	0,002	-	0,005
Nítrat (NO ₃)	<0,006	0,014	0,078	0,124	0,058	0,092
Ammoníum (NH ₄)	0,007	0,009	0,036	-	<0,004	0,005
Fosfat (PO ₄)	0,072	0,030	0,015	0,088	0,189	0,125
Súlfat (SO ₄)	6,89	4,93	5,23	7,11	7,63	7,00
Ál (Al)	0,043	0,036	0,069	0,108	0,033	0,066
Krómi (Cr)	0,0003	<0,0001	-	0,0002	0,0006	-
Mangan (Mn)	0,0025	0,0100	0,024	0,0173	0,0011	0,0100
Járn (Fe)	0,039	0,038	0,0072	0,035	0,0201	0,175
Kopar (Cu)	0,0004	0,0004	-	0,0003	0,0003	-
Sink (Zn)	0,0005	0,0018	-	0,0050	0,0009	-
Arsen (As)	0,0001	<0,0001	-	<0,0001	0,0001	-
Kadmíum (Cd)	<0,00005	<0,00005	-	0,00005	0,00007	-
Kvikasilfur (Hg)	<0,000005	-	-	<0,000005	<0,000005	-
Blý (Pb)	<0,0002	<0,0002	<0,0002	<0,0002	0,0007	-

- ekki mælt

Tafla 6: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði (mg/L).

Dags Númer	28.06.1997 19970503	20.07.1997 19970512	25.08.1997 19970532	27.09.1997 19970545	09.11.1997 19970555	10.12.1997 19970564	28.01.1998 19980108	02.04.1998 19980119	14.05.1998 19980134	10.06.1998 19980136	18.07.1998 19980147
Rennsli (m ³ /s)	250	486	503	253	123	111	99,8	99,8	315	125	260,5
Leiðni (µS/sm)	89,4	58,0	120,7	102,7	147,2	141,3	-	-	58,6	126,0	96,4
Híti (°C)	10,1	7,1	4,2	2,9	1,9	-	-	-	-	9,4	7,1
pH/pH hiti (°C)	8,14/22	7,73/22	8,03/22	8,12/17	8,00/22	7,95/20	7,80/22	7,94/25	7,82/23	7,92/24	8,00/24
Kolsýra (CO ₂)	32,5	20,6	46,8	39,2	53,1	50,3	26,2	27,0	21,0	43,7	33,7
Brennist.vet. (H ₂ S)	<0,03	-	-	<0,03	-	-	-	-	-	<0,03	<0,03
Bór (B)	0,04	0,03	<0,03	0,05	0,04	0,05	<0,03	<0,03	0,05	0,03	0,05
Kísill (SiO ₂)	17,60	8,04	10,40	12,50	18,40	19,40	17,80	17,20	9,20	18,50	12,60
Uppleyst efni	19	37	74	57	36	-	82	10	35	71	47
δ²H (‰ SMOW)	-97,0	-99,1	-102,5	-100,2	-101,1	-100,9	-100,6	-99,6	-	-99,3	-100,3
δO¹⁸ (‰ SMOW)	-13,55	-13,76	-14,42	-13,74	-14,01	-13,94	-13,76	-13,70	-12,65	-12,35	-13,74
¹⁴C age BP	4725±65	-	-	1410±55	-	-	-	-	-	-	5255±65
Natríum (Na)	11,70	6,00	10,20	11,30	15,90	16,20	15,40	15,00	7,10	16,30	10,50
Kalíum (K)	0,60	0,39	0,50	0,52	0,61	0,60	0,56	0,61	0,42	0,84	0,55
Magnesíum (Mg)	1,82	1,23	3,42	2,62	3,92	3,43	2,69	2,59	1,20	2,22	1,86
Kalsíum (Ca)	4,64	3,90	8,74	6,34	8,51	7,99	6,68	6,45	3,13	4,90	5,11
Strontíum (Sr)	0,040	0,003	0,007	0,006	0,007	0,006	0,006	0,005	0,003	0,005	0,005
Flúor (F)	0,11	0,07	0,09	0,12	0,18	0,19	0,19	0,19	0,09	0,20	0,12
Klóríð (Cl)	4,19	1,10	1,97	1,97	3,04	2,91	2,63	2,68	1,52	5,21	1,99
Brómíð (Br)	0,009	0,003	0,007	0,008	0,011	0,011	0,098	0,009	0,005	0,010	0,007
Nítrít (NO ₂)	0,002	0,004	<0,002	0,003	0,007	0,004	0,010	0,004	0,003	0,005	0,003
Nítrat (NO ₃)	<0,009	0,038	0,029	0,118	0,110	0,134	0,217	0,092	0,100	0,167	0,159
Ammoníum (NH ₄)	0,002	0,009	0,018	0,006	<0,004	<0,004	0,011	<0,004	<0,004	<0,004	0,005
Fosfat (PO ₄)	0,047	<0,01	<0,01	0,084	0,128	0,187	0,390	0,176	0,066	0,170	0,102
Súlfat (SO ₄)	5,70	3,04	3,95	5,27	8,62	8,54	7,84	7,34	2,91	6,60	4,76
Ál (Al)	0,045	0,086	0,033	0,215	0,024	0,044	0,040	0,031	0,041	0,102	0,053
Króm (Cr)	0,0003	<0,0001	-	0,0003	0,0047	-	-	0,0009	-	0,0009	-
Mangan (Mn)	0,0012	0,0044	0,0087	0,0088	0,1200	0,0030	0,0010	0,0009	0,0024	0,0009	0,0021
Járn (Fe)	0,0272	0,095	0,167	0,045	-	0,083	0,030	0,203	0,100	0,053	0,0344
Kopar (Cu)	0,0005	0,0007	-	0,0004	-	-	-	0,0032	-	0,0008	-
Sink (Zn)	0,0010	0,0013	-	0,0003	-	-	-	0,0015	-	0,0009	-
Arsen (As)	0,0001	<0,0001	-	<0,0001	-	-	-	-	-	0,0001	-
Kadmíum (Cd)	<0,00005	<0,00005	-	0,00005	-	-	-	-	-	<0,00005	-
Kvikasilfur (Hg)	0,000014	-	-	<0,000005	-	-	-	-	-	<0,000005	-
Blý (Pb)	<0,0002	<0,0002	<0,0002	<0,0002	-	-	-	0,0003	-	0,0003	-

Skeiðará

Niðurstöður efnagreininga á 13 sýnum úr Skeiðará eru í töflu 7 og myndir 11 og 12 sýna samband leiðni með tíma annars vegar og með rennsli hins vegar. Í töflu 14 eru síðan nákvæmari niðurstöður fyrir ^{14}C og einnig mælingar á ^{13}C . Hlaup sem kom í Skeiðará í febrúar 1998 kemur skýrt fram á mynd 11. Frá þeirri mynd er því erfitt að meta leiðni vatns í eðlilegu vetrarrennsli í ánni en líklegt er að það sé nálægt $300\ \mu\text{S}/\text{cm}$ en í sumarrennsli fer leiðnin niður í um $67\ \text{S}/\text{cm}$. Algengt er að leiðnin nái gildi um $500\ \mu\text{S}/\text{cm}$ í hámarki hlaupa (Skeiðarárhlaup 1996) eins og hér gerist í febrúar 1998. Ferillinn sem lýsir leiðni með rennsli virðist vera veldisfall en ekki línulegt samband eins og í öðrum ám (mynd 12). Þau sýni sem þar standa út úr eru tekin við lok hlaupsins sem varð í febrúar 1998 þar hefur rennsli minnkað en leiðnin er enn há, líklega vegna leka úr Grímsvötnum.

Þegar litið er á styrk klóríðs og súlfats er ekki hægt að greina annað hlutfall efnanna í hlaupvatni og vatni við venjulegar aðstæður. Þau sýni sem tekin voru eftir hlaupið í Skeiðará innihalda hæstan styrk þessarra efna (mynd 13). Þau falla nálægt því á línu sem lýsir besta sambandi á milli klóríðs og súlfats og hefur hallatöluna 0,39.

Hlutfall stöðugra samsætna súrefnis og vetnis er mjög breytilegt eða um $1,7\%$ í mældum $\delta^{18}\text{O}$ gildum og er allt frá því að vera úrkoma neðarlega við jökulsporð Skeiðarársjökuls og niður í hlutfall úrkomu hátt upp á Vatnajökli. Gildi með enn meiri dreifingu hafa mælst í hlaupvatni úr Skeiðará (Björnsson og Kristmannsdóttir, 1984). Kolefnissamsætur voru mældar í 4 sýnum og sýna að árvatnið liggur á bilinu 11 til 20 pMC, nema í sýni frá febrúar 1998 þar sem gildið er 2,6 pMC og má í þessu sýni sjá merki um hlaupáhrif. Það sést einnig í $\delta^{13}\text{C}$ gildi febrúarsýnisins, $+0,26\%$, sem er töluvert hærra en í venjulegu árvatni Skeiðarár, sem liggur á bilinu -2 til 4%.

Gígja

Alls voru tekin 12 sýni úr Gígju og eru niðurstöður greininga sýndar í töflu 8. Í töflu 14 eru síðan nákvæmari niðurstöður fyrir ^{14}C og einnig mælingar á ^{13}C . Rafeiðni mælist í árvatninu minnst $32\ \mu\text{S}/\text{cm}$ en hæst um $100\ \mu\text{S}/\text{cm}$ (mynd 14) en samband leiðni við rennsli er mjög óljóst (mynd 15). Það eru miklar sveiflur í efnasamsetningu árvatnsins og erfitt að sjá hvert samband efnastyrks og rennslis er. Þó er ljóst frá mynd 16 að vatnið er jarðhitamengað þar sem styrkur súlfats er hærri en klóríðs. Þar sem um mjög lágan styrk beggja efna er að ræða kemur ekki fram neitt skýrt samband milli styrks þeirra.


Hlutfall stöðugra samsætna súrefnis og vetnis í vatninu er hærra og breytileikinn heldur minni ($1,33\%$ í $\delta^{18}\text{O}$ gildum) en í Skeiðará. Kolefnissamsætur voru mældar í 5 sýnum. Styrkur ^{14}C er talsvert breytilegur (28 til 60pMC) og mun hærri en í Skeiðará.

Tafla 7: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Skeiðará (mg/L).


Númer	30.06.1997 19970504	22.07.1997 19970515	27.08.1997 19970536	01.10.1997 19970547	12.11.1997 19970556	10.12.1997 19970565	22.01.1998 19980101	18.02.1998 19980110	24.02.1998 19980117	06.04.1998 19980121	07.05.1998 19980132	13.06.1998 19980139	19.07.1998 19980150
Rennsli (m ³ /s)	312	531	516	230	47	54	28	155	235	80	23,5	145	397
Leiðni (µS/sm)	96,5	80,5	67,3	97,1	197,0	244	328	341	508	478	249	115	71,3
Hiti (°C)	1,3	0,7	0,6	0,2	0	-	0	0,3	-	1,8	-	4,9	5,3
pH/pH hiti (°C)	7,92/22	7,84/22	7,94/22	7,55/22	7,50/16	7,20/18	7,20/22	6,78/22	6,68/22	6,53/23	7,64/22	7,49/25	7,62/23
Kolsýra (CO ₂)	35,1	28,6	24,7	37,6	77,4	96,0	154,9	187,6	317,2	344,5	105,3	44,1	25,9
Brennist.vet. (H ₂ S)	<0,03	-	-	<0,03	-	-	-	0,06	-	-	-	0	0
Bór (B)	0,03	0,03	<0,03	0,00	0,04	0,06	0,06	0,03	0,05	0,07	0	0,06	0,04
Kísill (SiO ₂)	14,70	6,05	6,17	8,90	13,90	18,10	23,90	31,80	46,90	55,80	16,50	7,90	5,40
Uppleyst efni	25	23	41	36	100	91	178	188	251	200	143	52	30
δ²H (‰ SMOW)	-83,7	-84,8	-89,6	-88,8	-90,5	-86,4	-90,2	-86,0	-94,5	-94,6	-	-72,5	-83,3
δO¹⁸ (‰ SMOW)	-12,14	-12,24	-12,82	-12,49	-12,87	-12,09	-12,89	-12,01	-13,12	-13,14	-11,83	-11,27	-11,72
¹⁴C age BP	17530±150	-	-	-	-	-	-	29300±550	-	-	-	17670±180	12410±110
Natríum (Na)	6,62	5,61	5,21	6,70	11,70	13,70	19,40	23,20	35,70	41,90	15,20	6,70	4,80
Kalíum (K)	0,31	0,31	0,28	0,35	0,53	0,66	0,95	1,40	2,18	2,94	0,81	0,36	0,25
Magnesium (Mg)	1,80	1,55	1,17	1,82	4,76	6,01	8,09	7,40	12,03	11,97	6,12	2,34	1,36
Kalsíum (Ca)	9,87	8,07	6,64	10,30	21,50	28,50	38,20	37,60	57,40	47,20	28,40	11,48	6,56
Strontíum (Sr)	0,060	0,006	0,006	0,007	0,019	0,028	0,036	0,035	0,061	0,063	0,023	0,008	0,005
Flúor (F)	0,10	0,10	0,09	0,11	0,15	0,16	0,20	0,22	0,21	0,27	0,18	0,09	0,06
Klóríð (Cl)	2,25	1,81	1,34	1,81	3,22	4,13	6,37	7,07	9,80	9,54	4,85	2,00	1,53
Brómíð (Br)	0,013	0,008	0,006	0,007	0,012	0,014	0,021	0,022	0,028	0,029	0,015	0,007	0,005
Nítrít (NO ₂)	0,007	0,004	<0,002	0,002	0,003	0,004	0,007	0,004	-	0,008	0,003	0,006	0,005
Nítrat (NO ₃)	<0,009	0,080	0,016	0,066	0,185	0,173	0,209	0,086	-	0,099	0,108	0,068	0,095
Ammoníum (NH ₄)	0,005	0,011	0,164	0,015	0,008	0,005	0,008	<0,004	-	-	0	0,029	0,008
Fosfat (PO ₄)	0,046	0,041	0,031	0,026	0,018	0,018	0,046	<0,01	-	0,018	0,021	0,022	0,041
Súlfat (SO ₄)	5,12	3,80	2,77	4,22	7,11	10,10	12,2	16,2	22,7	25,4	11,45	4,15	2,57
Ál (Al)	0,037	0,039	0,163	0,227	0,009	0,011	0,008	0,012	0,010	0,033	0,011	0,025	0,022
Króm (Cr)	<0,0001	<0,0001	-	0,0003	-	-	-	0,0002	0,0002	0,0004	-	0,0005	-
Mangan (Mn)	0,0109	0,0121	0,0084	0,0185	0,0690	0,1120	0,1500	0,1760	0,3150	0,3370	0,0810	0,0286	0,0120
Járn (Fe)	0,0373	0,029	0,046	0,0192	0,043	0,107	0,197	0,450	1,280	2,43	0,0204	0,0399	0,163
Kopar (Cu)	0,0007	0,001	-	0,0016	-	-	-	0,0002	0,0017	0,0034	-	0,0011	-
Sink (Zn)	0,0012	0,0010	-	0,0035	-	-	-	-	-	-	-	0,0046	-
Arsen (As)	<0,0001	<0,0001	-	<0,0001	-	-	-	<0,0001	<0,0001	<0,0001	-	0	-
Kadmíum (Cd)	<0,00005	<0,00005	-	<0,00005	-	-	-	<0,00005	<0,00005	<0,00005	-	0,00005	-
Kvikasilfur (Hg)	<0,000005	-	-	0,000013	-	-	-	<0,000005	-	-	-	0	-
Blý (Pb)	<0,0002	<0,0002	<0,0002	0,0003	-	-	-	<0,0002	0,0003	0,0004	-	0,0005	-

Tafla 8: Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Gígjukvísl (mg/L).


Dags Númer	30.06.1997 19970505	22.07.1997 19970516	27.08.1997 19970537	01.10.1997 19970548	12.11.1997 19970557	10.12.1997 19970566	22.01.1998 19980102	18.02.1998 19980111	06.04.1998 19980122	07.05.1998 19980131	14.06.1998 19980140	19.07.1998 19980151
Rennsli (m ³ /s)	64	45	38	26	6,5	4	1	9,5	8,1	12	36,3	36,1
Leiðni (µS/sm)	85,3	81,6	86,5	45,0	102,3	68,7	99,4	67,4	79,3	75,6	63,0	32,7
Hiti (°C)	7,6	5,0	9,5	0,3	0	-	0	0,6	0,3	4,6	8,5	7,0
pH/pH hiti (°C)	7,87/23	7,82/22	7,89/22	7,60/22	7,76/20	7,68/17	8,02/22	7,57/22	7,55/23	7,73/20	7,58/26	7,37/24
Kolsýra (CO ₂)	26,1	24,1	25,8	14,0	30,0	21,1	29,4	20,4	24,3	23,9	19,9	14,2
Brennist.vet. (H ₂ S)	<0,03	-	-	<0,03	-	-	-	-	-	-	<0,03	<0,03
Bór (B)	<0,03	<0,03	<0,03	0,06	0,03	0,06	<0,03	<0,03	<0,03	<0,03	0,05	<0,03
Kísill (SiO ₂)	9,80	7,69	9,22	6,80	9,70	9,00	9,80	7,40	8,10	7,90	7,10	4,40
Uppleyst efni	34	45	63	12	53	33	57	43	50	42	1	15
δ²H (‰ SMOW)	-82,1	-81,5	-74,4	-78,1	-77,2	-78,2	-76,2	-72,6	-75,7	-	-82,2	-81,6
δO¹⁸ (‰ SMOW)	-11,76	-11,65	-10,72	-10,99	-10,88	-11,03	-10,68	-10,43	-10,69	-10,92	-11,43	-11,72
¹⁴C age BP	10240±90	-	-	4835±80	-	-	-	6880±90	-	-	6850±110	4160±70
Natríum (Na)	6,72	6,49	6,11	3,34	6,20	4,50	6,50	4,40	5,00	5,20	4,70	2,40
Kalíum (K)	0,38	0,35	0,37	0,18	0,32	0,22	0,33	0,31	0,33	0,32	0,30	0,16
Magnesium (Mg)	1,43	1,36	1,59	0,86	2,13	1,51	2,06	1,42	1,63	1,50	1,01	0,50
Kalsíum (Ca)	7,87	7,39	8,34	4,03	10,50	6,54	9,87	6,69	7,84	7,37	5,01	2,50
Strontíum (Sr)	0,050	0,003	0,004	0,002	0,004	0,003	0,004	0,004	0,004	0,004	0,004	0,001
Flúor (F)	0,16	0,20	0,20	0,08	0,20	0,12	0,20	0,14	0,15	0,15	0,12	0,05
Klóríð (Cl)	1,30	1,16	2,33	1,33	2,66	2,03	4,14	2,98	2,97	2,34	1,94	1,20
Brómið (Br)	0,005	0,004	0,009	0,005	0,009	0,007	0,015	0,010	0,010	0,007	0,004	0,002
Nítrít (NO ₂)	<0,002	0,004	<0,002	0,002	0,008	0,004	0,005	0,004	0,004	0,005	0,004	0,004
Nítrat (NO ₃)	<0,009	0,011	0,087	0,065	0,124	0,163	0,199	0,135	0,165	0,137	0,061	0,050
Ammoníum (NH ₄)	0,009	0,020	0,016	0,033	0,017	0,007	0,013	<0,004	<0,004	<0,004	0,004	<0,004
Fosfat (PO ₄)	0,033	<0,01	0,021	0,074	0,088	0,121	0,160	0,079	0,092	0,089	0,067	0,062
Súlfat (SO ₄)	9,42	8,79	7,44	3,62	9,42	5,61	8,19	5,48	6,33	6,08	4,39	1,99
Ál (Al)	0,046	0,039	0,092	0,085	0,104	0,168	0,047	0,030	0,033	0,0055	0,064	0,022
Króm (Cr)	<0,0001	<0,0001	-	<0,0001	-	-	-	0,0002	-	-	0,0003	-
Mangan (Mn)	0,0031	0,0026	0,0031	0,0027	0,0037	0,0044	0,0030	0,0008	0,0014	0,0032	0,0077	0,0050
Járn (Fe)	0,030	0,020	0,0147	0,033	0,238	0,023	0,057	0,024	0,021	0,088	0,049	0,277
Kopar (Cu)	0,0009	0,0006	-	0,0008	-	-	-	0,0026	-	-	0,0023	-
Sink (Zn)	0,0010	0,0012	-	0,0017	-	-	-	0,0008	-	-	0,0008	-
Arsen (As)	<0,0001	<0,0001	-	<0,0001	-	-	-	<0,0001	-	-	<0,0001	-
Kadmíum (Cd)	<0,00005	<0,00005	-	<0,00005	-	-	-	<0,00005	-	-	0,00005	-
Kvikasilfur (Hg)	<0,000005	<0,000005	-	0,000037	-	-	-	<0,000005	-	-	0,00008	-
Blý (Pb)	0,0003	<0,0002	<0,0002	0,0003	-	-	-	0,0003	-	-	<0,0002	-




Mynd 11: Leiðni vatns í Skeiðará með tíma.




Mynd 12: Samband leiðni og rennslis í Skeiðará.




Mynd 13: Styrkur klóríðs og súlfats í Skeiðará.



Mynd 14: Leiðni vatns í Gígju með tíma.



Mynd 15: Samband leiðni og rennslis í Gígju.



Mynd 16: Styrkur klóríðs og súlfats í Gígju.

Súla

Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr Súlu eru í töflu 9 en á meðan á verkefninu stóð var safnað 11 sýnum úr ánni. Í töflu 14 eru síðan nákvæmari niðurstöður fyrir ^{14}C og einnig mælingar á ^{13}C . Leiðni mælist á bilinu 44 til 97 $\mu\text{S}/\text{cm}$ og í grófum dráttum er hún hærri yfir vetrartímamann en sumarið eins og viðbúið er (mynd 17). Samband leiðni við rennsli (mynd 18) yfir veturinn virðist annað en í sumarvatninu en þau sýni sem hafa rennsli minna en 20 m^3/s eru mörg hver með lægri leiðni en ætla mætti af sambandi því sem kemur fram við meira rennsli. Styrkur klóríðs og súlfats er lágur í vatninu í Súlu og er ekki hægt að sjá sérstakt samband þar á milli (mynd 19).

Hlutfall stöðugra samsætna súrefnis og vetnis er nokkuð hærri en í Gígjukvísl, en svipaður breytileiki mælist milli sýna (1,5% í $\delta^{18}\text{O}$ gildum). Kolefnissamsætur voru mældar í 5 sýnum. Styrkur ^{14}C er talsvert breytilegur og heldur meiri en í sýnum frá Gígjukvísl. Í fjórum sýnum liggur hann á bilinu 39 til 58 pMC en í einu sýni (frá febrúar 1998) er hann talsvert hærri eða um 83 pMC.

Djúpá

Tafla 10 sýnir styrk efna í 13 sýnum úr Djúpá. Í töflu 14 eru síðan nákvæmari niðurstöður fyrir ^{14}C og einnig mælingar á ^{13}C . Efnastyrkur vatnsins er lágur enda að miklu leyti um lindarvatn að ræða. Rafleiðni vatnsins mælist á bilinu 35 til 60 $\mu\text{S}/\text{cm}$ (mynd 20). Leiðnin reynist nokkuð hærri í vetrarrennsli en að sumri og samband hennar með auknu rennsli er fyrir flest sýnin eins og gerist við leysingar þegar leiðni lækkar með auknu rennsli (mynd 21). Þau sýni sem falla ekki eins vel inn í myndina eru tvö sýni tekin í júlí 1997, þar sem rennslið mælist mest og leiðnin hækkar. Því er hér farið eins og með fleiri af efnasnaudum ám að styrkur þeirra er ekki nógu hár til að sýna afdráttarlausu fylgni með öðrum þáttum. Klóríð sýnir hér enga sérstaka fylgni með súlfatstyrk í vatninu í Djúpá (mynd 22).

